



## Fundargerð

Fundur í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps  
miðvikudaginn 11. janúar 2017 kl. 20 í Stjórnsýsluhúsi.

Mættir: Sandra Rún Björnsdóttir formaður og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir. Gústaf Jökull Ólafsson var í síma. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 26. október 2016.

#### 2. 1701002 – Gjaldskrár 2017.

2.1 Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs 2017.

*Lögð er fram gjaldskrá uppfærð um 1,9% eða sem nemur breytingu á vísitölu neysluverðs á milli ára. Gjaldskráin er samþykkt samhljóða, sveitarstjóra falið að leita umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og birta hana síðan í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.*

2.2 Gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald 2017.

*Gjaldskráin er samþykkt samhljóða, sveitarstjóra falið að leita umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða og birta hana síðan í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. 1701001 – Ráðning dýraeftirlitsmanns.

*Fyrir nefndinni liggja þrjár umsóknir um dýraeftirlitsmann í Reykhólahreppi.*

*Nefndin leggur til að Sigurður Torfi Sigurjónsson verði ráðinn dýraeftirlitsmaður í Reykhólahreppi. Samþykkt með tveimur atkvæðum.*

*Lögð eru fram drög að samningi við dýraeftirlitsmann, skráningar- og handsömunareyðublöð til samþykktar. Engar athugasemdir gerðar, nefndin leggur til við sveitarstjórn að samþykkja gögnin. Samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1701003 – Hvatning til flokkunar á sorpi til endurvinnslu.

*Samþykkt er að senda hverju heimili og fyrirtæki í Reykhólahreppi endurvinnanlega poka til jarðgerðar með hvatningu um frekari flokkun og jarðgerð. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að athuga með auglýsingu um flokkun hjá Gámaþjónustunni til að senda með.*

#### 5. 1701004 – Rotþróahreinsun 2017.

*Lögð eru fram drög að auglýsingu um rotþróahreinsun í dreifbýlinu. Nefndin leggur til að gerð verði úttekt á rotþrómi í sveitarfélaginu og þær staðsettar. Samþykkt samhljóða.*

6. 1701005 – Tvöfalt sorpgjald á lögbýli.

Vísað aftur til nefndarinnar frá dreifbýlisnefnd 27. október 2016.

*Fyrir nefndina er lögð greining á sorpgjaldi í sveitarfélaginu og svar SÍS við fyrirspurn um sorpgjald. Sveitarstjóra falið að svara dreifbýlisnefnd varðandi málið. Samþykkt samhljóða.*

Önnur mál (ef einhver):

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21.25

|       |       |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |